

## 5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir veitt leyfi. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfið er veitt fyrir eða ákveða upphæð fyrir hvert leyfi samkvæmt lögum.

Gjaldi þessu sé varið til vörslu bæjarlandsins.

## 6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar samkvæmt lögum nr. 44, 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kaupþúnum, öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um búfjárhald í Hafnarfirði nr. 199 frá 1967.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1982.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um breyting á samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 510/1975.

## 1. gr.

2. gr. staflíður b. orðist svo:

Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið er ákveðið fyrir eitt ár í senn í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Hundar sem notaðir eru við búrekstur og á lögbýlum svo og leiðsöguhundar fatlaðra eru undanþegnir þessu gjaldi.

## 2. gr.

Ný gr. er verði 3. gr. orðist svo:

Lögreglustjórnin í Hveragerði og heilbrigðisnefnd Hveragerðis hafa eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar og skulu tilkynna hreppsnefnd Hveragerðishrepps um öll brot á samþykktinni.

## 3. gr.

Ofangreind samþykkt Hveragerðishrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 57/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1982.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*